

Tillaga að

REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Háafell ehf.
Starfsstöð: Nauteyri, 512 Hólmavík
Kennitala: 520199-3149
Aðsetur: Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1146
Leyfið gildir til: xx.xx.2029

Starfsemi:

SS 1 - Lax / Salmo Salar

SS 3 - Regnbogasilungur / Oncorhynchus mykiss

Í gildi frá:

xx.xx.2019

xx.xx.2019

Landeldi. Framleiðslumagn 800 t. Hámarkslífmassi 800 t. Seiðaeldi.

Lax: SAGA stofn. Regnbogasilungur: Danmörk.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slyasleppinga sé staðsett á eldisvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggir á gangagrunni um erfðaeftni hjá framleiðanda hroga.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldisvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Erna Karen Óskarsdóttir, fagsviðsstjóri fiskeldis